

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 45/2011****2011/EES/37/39****frá 1. apríl 2011****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2010 frá 1. október 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 860/2010 frá 10. september 2010 um gerð vöruskrár EB yfir iðnaðarvörur fyrir árið 2010 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 4ah (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 163/2009) í XXI. viðauka við samninginn:

„4ai **32010 R 0860**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 860/2010 frá 10. september 2010 um gerð vöruskrár EB yfir iðnaðarvörur fyrir árið 2010 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 (Stjtið. ESB L 262, 5.10.2010, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 860/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 332, 16.12.2010, bls. 62, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 16.12.2010, bls. 22.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 262, 5.10.2010, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.